

**Matvælastofnun**  
04 234

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Matvælastofnun  
kt. 460905-1410  
Austurvegi 64, 800 Selfoss

## Skýrsla og áritun forstjóra

Matvælastofnun sinnir stjórnábyrgð, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna, ábyrgu fiskeldi og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar. Aðalskrifstofa er á Selfossi, Markaðsstofa og Búnaðarstofa í Hafnarfirði og umdæmisstofur og landamærastöðvar víðs vegar um landið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnaábyrgð 12 og 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.901,0 milljónir og afkoma kr. -1,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 50,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 362,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Matvælastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Matvælastofnunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

*Selfossi, 27/4'20*

Staður, dags.

*Jón Síkur*

Forstjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.406.600.000	1.304.000.000
Aðrar tekjur .....	3	405.460.826	382.831.529
Seld þjónusta .....		14.415.510	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	50.164.902	36.869.165
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	24.355.592	26.871.385
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.900.996.830</b>	<b>1.750.572.079</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.347.688.974	1.258.950.139
Annar rekstrarkostnaður .....	6	532.635.639	522.942.621
Afskriftir .....	7	24.355.592	26.871.385
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.904.680.205</b>	<b>1.808.764.145</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(3.683.375)</b>	<b>(58.192.066)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		2.865.598	4.587.930
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(576.277)	(320.333)
		2.289.321	4.267.597
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(1.394.054)</b>	<b>(53.924.469)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(1.594.054)	(54.124.469)
Rekstrartilfærslur .....		200.000	200.000
		<b>(1.394.054)</b>	<b>(53.924.469)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	20.675.141	2.770.476
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		29.525.760	31.770.320
Farartæki og vélar .....		54.211.780	70.007.587
Aðrar eignir .....		785.326	1.077.681
Verk í vinnslu .....		4.725.052	0
		<u>89.247.918</u>	<u>102.855.588</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>109.923.059</u>	<u>105.626.064</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Víðskiptakröfur .....		113.230.556	112.640.908
Tengdir aðilar .....	10	119.298.054	99.850.817
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		3.380.833	330.745
Handbært fé .....	11	16.425.046	18.780.905
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>252.334.489</u>	<u>231.603.375</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>362.257.548</u>	<u>337.229.439</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		50.586.791	51.980.845
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>50.586.791</u>	<u>51.980.845</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	58.070.285	31.864.312
Víðskiptaskuldir .....		38.553.615	41.478.618
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	119.961.909	108.044.324
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	95.084.948	103.861.340
<b>Skuldir samtals</b>		<u>311.670.757</u>	<u>285.248.594</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>362.257.548</u>	<u>337.229.439</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(1.394.054)	(53.924.469)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	24.355.592	26.871.385
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(24.355.592)	(26.871.385)
		(1.394.054)	(53.924.469)
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.639.736)	1.520.512
Tengdir aðilar .....		6.758.736	69.153.430
Skammtímaskuldir .....		8.992.582	(13.905.006)
		12.111.582	56.768.936
		<u>10.717.528</u>	<u>2.844.467</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(19.078.844)	(2.770.476)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(6.369.491)	(30.994.248)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(4.725.052)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.600.000	0
		(28.573.387)	(33.764.724)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		15.500.000	32.000.000
		15.500.000	32.000.000
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(2.355.859)	1.079.743
		18.780.905	17.701.162
		<u>16.425.046</u>	<u>18.780.905</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

#### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

#### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölu á vörum og þjónustu.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnum og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrnum. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnumartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.406.600.000	1.310.200.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(6.200.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.406.600.000	1.304.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	24.355.592	26.871.385
	<b>1.430.955.592</b>	<b>1.330.871.385</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.406.400.000	200.000	0	1.406.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.406.400.000</b>	<b>200.000</b>	<b>0</b>	<b>1.406.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(1.407.994.054)	0	0	(1.407.994.054)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(1.594.054)</b>	<b>200.000</b>	<b>0</b>	<b>(1.394.054)</b>

	2019	2018
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	405.460.826	382.831.529
	<b>405.460.826</b>	<b>382.831.529</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	4.417.428	4.240.253
Kostnaðarhlutdeild .....	1.030.000	1.110.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	19.000.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	7.414.680	21.856.748
Ýmsar tekjur .....	18.302.794	9.662.164
	<b>50.164.902</b>	<b>36.869.165</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.091.764.279	1.011.777.567
Orlof, breyting .....	6.029.782	9.158.876
Launatengd gjöld .....	241.132.338	225.825.948
Starfsmannakostnaður .....	8.762.575	12.187.748
	<b>1.347.688.974</b>	<b>1.258.950.139</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	99	95
------------------------------	----	----

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	4.455.323	4.413.946
Byggingarvörur, aðrar .....	108.271	21.423
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	77.653
Ýmis tæki og áhöld .....	1.164.893	1.499.020
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	514.448	872.955
Orkugjafir .....	12.037.791	11.904.002
Matvæli .....	17.161.227	16.559.889
Almennar rekstrarvörur .....	3.548.970	2.196.756
Vörukaup, almenn	38.990.923	37.545.644
Rannsóknarstofuefni .....	870.951	697.078
Ýmsar sérgreindar vörur .....	162.686	205.074
Vörukaup, sérgreind	1.033.637	902.152
Fundir, námskeið, risna .....	17.324.679	12.833.927
Ferðir, upphald .....	33.124.001	32.494.116
Akstur .....	29.610.843	24.968.460
Sérfræðipjónusta .....	224.195.158	246.853.489
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	315.657	400.615
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.785.846	1.924.453
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	6.011.602	9.724.474
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	312.367.786	329.199.534
Afnotagjöld .....	33.204.615	20.648.924
Leigugjöld .....	116.981.312	106.057.997
Notkun véla og flutningatækja .....	121.320	0
Verkkaup .....	17.803.049	17.087.436
Kostnaðarhlutdeild .....	4.639.774	3.488.499
Áhættutap og bætur .....	104.826	208.292
Tryggingar, lögboðnar .....	2.842.439	2.541.403
Opinber gjöld .....	1.938.275	3.825.109
Tilfærslur .....	133.500	129.000
Tapaðar kröfur .....	2.474.183	1.307.255
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	180.243.293	155.293.915
Annar rekstrarkostnaður samtals	532.635.639	522.942.621
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	8.614.051	12.311.973
Farartæki og vélar .....	14.275.007	14.257.340
Aðrar eignir .....	292.355	302.072
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	1.174.179	0
	24.355.592	26.871.385

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	20.675.141	2.770.476
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2019 .....		2.770.476
Viðbót á árinu .....		19.078.844
		<u>21.849.320</u>
Niðurfært 1.1.2019 .....		0
Niðurfærsla ársins .....		1.174.179
		<u>1.174.179</u>
Staða 31.12.2019 .....		<u>20.675.141</u>

## 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	29.525.760	31.770.320
Farartæki og vélar .....	54.211.780	70.007.587
Aðrar eignir .....	785.326	1.077.681
	<u>84.522.866</u>	<u>102.855.588</u>
Verk í vinnslu .....	4.725.052	0
	<u>4.725.052</u>	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	137.603.924	129.368.278	3.549.660	270.521.862
Viðbætur á árinu .....	6.369.491	0	0	6.369.491
Selt/niðurfært á árinu .....	(37.461.080)	(7.835.296)	0	(45.296.376)
	<u>106.512.335</u>	<u>121.532.982</u>	<u>3.549.660</u>	<u>231.594.977</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	105.833.604	59.360.691	2.471.979	167.666.274
Selt/niðurfært á árinu .....	(37.461.080)	(6.314.496)	0	(43.775.576)
Afskrift ársins .....	8.614.051	14.275.007	292.355	23.181.413
	<u>76.986.575</u>	<u>67.321.202</u>	<u>2.764.334</u>	<u>147.072.111</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>29.525.760</u>	<u>54.211.780</u>	<u>785.326</u>	<u>84.522.866</u>

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>10 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	119.298.054	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	99.850.817
	<u>119.298.054</u>	<u>99.850.817</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	6.715.101
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	58.070.285	25.149.211
	<u>58.070.285</u>	<u>31.864.312</u>
<b>11 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	3.920.836	6.510.466
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	12.504.210	12.270.389
	<u>16.425.046</u>	<u>18.780.905</u>
<b>12 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	51.980.845	105.905.314
Afkoma ársins .....	(1.394.054)	(53.924.469)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>50.586.791</u>	<u>51.980.845</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.		
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	113.697.132	107.667.350
Ógreidd laun .....	5.116.982	0
Önnur ógreidd gjöld .....	1.147.795	376.974
	<u>119.961.909</u>	<u>108.044.324</u>

## Skýringar

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	109.923.059	105.626.064
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(14.838.111)	(1.764.724)
	<u>95.084.948</u>	<u>103.861.340</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	105.626.064	(1.764.724)	103.861.340
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	15.500.000	15.500.000
Bókfært verð seldra eigna .....	(1.520.800)	1.520.800	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	79.200	79.200
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.369.491	(6.369.491)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	23.803.896	(23.803.896)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(24.355.592)	0	(24.355.592)
	<u>109.923.059</u>	<u>(14.838.111)</u>	<u>95.084.948</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 24 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til næstu ára og í einhverjum tilvikum um óákveðinn tíma. Einnig hefur stofnunin gert þjónustusamninga bæði tímabunda og ótímabundna. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu munu nema kr. 115,2 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 120,7 milljónum árið 2020.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.